

mælin, þar sem liðin voru meir en 2 ár frá því að meiðyrðin voru við höfð og þangað til mál þetta var höfðað af nýju, en það var með sáttakæru 25. marz f. á. Með því að áfrýjandinn kom eigi til sáttafundar í málinu, þótt hann væri löglega til kallaður, er hann með aukaréttardóm-inum réttilega dæmdur í sekt samkvæmt tilskipun 11. ágúst 1819 og í málskostnað í héraði, og ber því að staðfesta ákvæði hins áfrýjanda dóms að þessu leyti. Það er ekki ástæða til, eftir kröfu áfrýjanda, að gjöra undirdómaranum neina ábyrgð fyrir málsmeðferð hans eða dóm í málinu. Málskostnaður fyrir yfirdómi þykir rétt að falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Framantilgreind meiðandi og óvirðandi ummæli eiga dauð og ómerk að vera. Ákvæði aukaréttardómsins um sekt fyrir óþarfa málsýfingu og um málskostnað eiga að vera óröskuð. Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Nr. 22/1900:

Isak Bjarnason
gegn
Franz Siemsen.

Dómur:

Í sumar er leið var áfrýjandi máls þessa, Ísak Bjarnason, ráðinn háseti á fiskigufuskipið »Utopia«, sem gjört var út frá Hafnarfirði, og fór

hann ásamt nokkrum öðrum mönnum, er einnig voru ráðir á téð skip, um jónsmessuleytið síðastliðið ár á skrifstofu hins stefnda, sem þá var sýslumaður í Kjósar- og Gullbringusýslu, til þess að verða lögskráður á skipið. Þegar þeir komu á skrifstofuna, var stefndi, sem nýkominn var úr embættisferð, eigi viðlátinn að lögskrá þá. Áfrýjandi vildi þó eigi láta sér það lynda og heimtæði að verða afgreiddur þá þegar. Vísaði stefndi áfrýjanda þá út, hratt honum út fyrir húsdyrnar og skelti hurðinni aftur. Atvikaðist það þá svo, að áfrýjandi lenti með 2 fingrum milli hurðar og stafs, þeim megin, sem hurðarhjarirnar voru, og meiddust fingurnir, enda losnaði hann eigi fyr en hurðinni var hrundið upp eða hún var brotin upp að utan. Var áfrýjandi handlama nokkurn tíma á eftir, og eigi vinnufær. Fyrir þessar sakir höfðaði áfrýjandi skaðabótamál gegn stefnda fyrir bæjarþingsrétti Reykjavíkur, og var málinu ráðið til lykta með dómi téðs réttar uppkveðnum 15. marzmánaðar þ. á., á þá leið, að stefndi var sýknaður, og málskostnaður látinn falla niður. Þessum bæjarþingsdómi hefir Ísak Bjarnason skotið til yfir dómsins með stefnu, út gefinni 18. maí þ. á., og krafist þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjanda 100 kr. í skaðabætur fyrir áverka og vinnutjón, og málskostnað fyrir báðum réttum með 50 kr., eða eftir mati réttarins. Stefndi hefir af sinni hálfu krafist þess, að hann verði dæmdur sýkn af kærnum og kröfum áfrýjanda, og að á-

frýjandi verði dæmdur til að greiða hæfilegan málskostnað.

Það er ekki neinn ágreiningur um það í máli þessu, að stefndi hafi synjað áfrýjanda um afgreiðslu við umrætt tækifæri, að hann hafi hrundið áfrýjanda út úr húsi sínu, að hann hafi skelt hurðinni aftur á eftir honum, og að áfrýjandi þá og þar af leiðandi hafi meiðst á fingrum, eins og skýrt er frá að framan. Stefndi verður þó, eins og málið liggur fyrir, eigi látinn sæta neinni ábyrgð fyrir það, að hann synjaði áfrýjanda um afgreiðslu og rak hann með valdi út úr húsi sínu. Að því er meiðsl þau snertir, sem áfrýjandi hlaut, er það ennfremur fullvíst, að stefndi var eigi viljandi valdur að þeim. Spurningin verður því sú, hvort hann hafi sýnt svo mikið gáningsleysi, að hann eigi að bæta áfrýjanda skaða þann og líkamsspjöll, sem hann varð fyrir. Þetta verður nú eigi álitid, því að stefndi þurfti eigi að búast við því eða hafa athuga á því, að áfrýjandi færi með hönd sína inn í gættina bak við hurðina. Þannig verður að lita svo á, að áfrýjandi hafi fengið meiðsl sín fyrir atvik, sem stefndi ekki ber ábyrgð á, og verður því að ráða máli þessu til lykta á sama hátt og héraðsdómarinn hefir gjört. Með því að málskostnaðarákvæði undirréttardómsins einnig samþykkjast, staðfestist téður dómur í öllum greinum. Málskostnaður fyrir yfirdómi þykir og mega falla niður. Málið var sótt með gjafsókn og af skipuðum málsfærslumanni fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, og vottast, að málsfærslu-

an þar var lögmæt, en það athugast, að vottorð héraðlútandi er eigi tekið upp í undirréttardóm-inn.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn skal standa óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Nr. 2/1900:

Haraldur Ó Briem

gegn

hreppsnefnd Geithellnahrepps.

D ó m u r:

Með bréfi, dags. 7. desbr. 1897, sem birt var áfrýjandanum af hlutadeigandi stefnuvottum 20. des. næst á eftir, sagði hin stefnda hreppsnefnd Geithellnahrepps áfrýjandanum upp ábúð á $\frac{2}{3}$ hlutum jarðarinnar Búlandsness, er var eign hreppsins, en áfrýjandi hafði haft bygging fyrir henni síðan 1880, og skyldi áfrýjandinn samkvæmt útbyggingarskjalinu víkja af jörðinni í næstu fardögum (1898). Áfrýjandi sinti eigi útbyggingu þessari og leitaði þá hreppsnefndin aðstoðar fógeta, sem síðan úrskurðaði 7. júnímán. 1898, að áfrýjandinn mætti út berast af jörðinni, og vék þá áfrýjandinn af jörðinni.

Þessum úrskurði hefir nú áfrýjandinn, að fenginni uppreist til áfrýjunar og gjafsókn, skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 8. jan. þ. á., og hefir þess verið krafist af hans hendi, að hinn á-